

**Ed.**

**258. Frumvarp til laga**

[127. mál]

um breyting á lögum nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyris- mála, fjárfestingarmála o. fl.

Flm.: Björn Jónsson, Friðjón Skarphéðinsson, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að settar skuli á stofn allt að þrjár innflutnings- og gjaldeyrisafgreiðslur utan Reykjavíkur, þó ekki fleiri en ein í hverjum landsfjórðungi, á þeim stöðum, sem bezt teljast til þess fallnir. Ríkisstjórnin skipar forstöðumenn þessara stofnana, að fengnum tillögum innflutningsskrifstofunnar, og taka þeir ákvarðanir í umboði hennar, með þeim taknörkunum, sem ríkisstjórnin setur þeim með nánari starfsreglum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunna, hvert óhagræði það er miklum hluta landsmanna að þurfa að sækja afgreiðslu allra mála, smárra sem stórra, er varða innflutning, gjaldeyriskaup og fjárfestingu, til Reykjavíkur. Þessi skipan bakar einstaklingum og stofnunum mikil útgjöld, fyrirhöfn og tafir á framkvæmdum, jafnvel þótt viðunandi úrlausnir fáiast að lokum. En af sjálfu leiðir, að ýmsar ákvarðanir í þessum málum eru teknar af takmarkaðri staðarlegri þekkingu, og því jafnan veruleg hættu á, að þær verði tilviljanakenndar eða mótist af ójafnri aðstöðu málsaðila til þess að reka erindi sín.

Ýmsar atvinnugreinar, ekki sízt iðnrekstur og verzlun, búa við lakari starfsskilyrði víða um land en í höfuðborginni og háir það æskilegri þróun þeirra. Getur það hvorki talizt heppilegt fyrir þjóðarheildina né sanngjarnt þeim, sem við þurfa að búa, að látið sé undir höfuð leggjast að jafna þessi starfsskilyrði, að svo miklu leyti sem unnt er.

Frv. þetta stefnir í þá átt að jafna aðstöðu landsmanna til hverra þeirra framkvæmda og atvinnurekstrar, sem háðar eru þeim leyfisveitingum, sem það fjallar um. Telja flm., að þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, mundu örva framkvæmdir og atvinnurekstur víða um land og þannig reynast raunhæf aðgerð til stuðnings efnahagslegu jafnvægi í landinu.